

Fyrirspurn

til matvælaráðherra um endurnýtingu örmerkja.

Frá Njáli Trausta Friðbertssyni.

- Ber íslenskum bændum að örmerkja sauðfé samkvæmt regluverki sem innleitt hefur verið frá Evrópu eða er um að ræða svokallaða gullhúðun eða innleiðingu umfram kröfur?
- Hvaða áhrif hefði það ef á Íslandi yrði áfram leyfð endurnýting örmerkja í sauðfjárbúskap?
- Er eitthvað í regluverki Evrópusambandsins sem kemur í veg fyrir slíka endurnýtingu? Ef svo er, hvaða reglugerð er um að ræða og á hvaða rökum er byggt?
- Ef endurnýting örmerkja þar sem einstaklingsmerki kemur ekki fram verður ekki leyfð áfram, hyggjast stjórnvöld taka þátt í kostnaði bænda við kaup á nýjum örmerkjum?
- Er hægt að endurnýta örmerki með öðrum hætti en við örmerkingu sauðfjár? Ef svo er, hvernig er það gert?

Skriflegt svar óskast.